

## SAMFÉLAGSGREINAR

### Saga – samfélagsfræði – listasaga – trúarbrögð og lífssýn

#### 1. SAGA

##### Tilgangur og sjónarmið

Sögunámið veitir einstakt tilefni til að skilja mikilvægar hliðar á umheiminum. Þessi námsgrein getur veitt nemandanum innblástur til að tengjast umheiminum í gegnum þekkingu á fyrri tímum og bakgrunni okkar eigin tíma og samfélagsins í kringum okkur. Í því að mæta flóknum menningarlegum, félagslegum, umhverfislegum og tæknilegum aðstæðum nútímans getur sagan sem námsgrein vísað veginn að menningarlegri virðingu og samábyrgð á sjálfbærri þróun. Sagan á bæði að veita þekkingu og reynslu til að skilja heiminn.

Jafnframt geta manneskjur og atburðir úr sögunni skapað grundvöll fyrir hugleiðingar, vakið áhuga og tengsl við eigin tilfinningar og upplifanir og verið mikilvægar fyrirmyndir fyrir mannlegan þroska. Þannig getur þekking á atburðum fortíðar bæði lagt grunn að sjálfsþekkingu og sjálfsmynd einstaklingsins og eiginleikann til að vera virkur þátttakandi í samfélaginu og menningarlífi. Ein meginástæðan fyrir mikilvægi námsgreinarinnar í Waldorfskólum felst í samspilinu milli samfélagslegra sjónarmiða og stöðu einstaklingsins; að styrkja og hlúa að sjálfsmynd einstaklingsins í því skini að auka skilning fyrir öðrum manneskjum í tíma og rúmi.

Samansöfnuð vitneskja mannkynsins um eigin sögu myndar gnótt þekkingar sem nær langt yfir það sem einstök manneskja getur sett sig inn í. Bæði magn efniviðs og þemu eru óþrjótandi. Það eru einnig til fjölmargar mismunandi túlkanir og nálganir á hinum sögulega veruleika. Það er því nauðsynlegt að velja og hafna þegar taka skal ákvörðun um þemu og efnivið, heimildir og kennsluaðferðir. Á mörgum þessara sviða hafa Waldorfskólarnir skýra stefnu til að uppfylla þau markmið sem nefnd eru hér að ofan. Sagan er mikilvæg og yfirgripsmikil námsgrein í grunnskólanum. Hún fer langt aftur í tíma og vítt og breitt um heiminn. Hún veltir fyrir sér mikilvægum sögulegum atburðum, hefur menningarsögulega nálgun og þverfaglegt snið.

Í Waldorfskólum er lögð áhersla á að kafa djúpt í afmörkuð viðfangsefni og vekja þannig áhuga og skapa hlutdeild, en líka til að opna fyrir einskonar kennsl við söguna. Við það að byrja langt aftur í sögunni og fylgja tilurð mannkynsins og siðmenningarinnar í öllum heimsálfum í gegnum grunnskólaárin, skapast möguleikinn á dýpri samsömun við fjölda menningarheima. Það er lögð áhersla á að brjóta upp einhliða evrópumiðað sjónarhorn og gera þætti og kjörum minnihlutahópa, kvenna og barna í sögunni skil.

Í gegnum lifandi frásögn og miðlun er lögð áhersla á að skapa tengsl á milli núverandi aðstæðna nemenda og liðinna atburða. Á þann hátt er dregið fram mikilvægi kennslu sem er þannig leggja Waldorfskólarnir sérstaka áherslu á að námsefninu sé miðlað á lifandi hátt og af tilfinningalegri hluttekningu. Við hliðina á stórpólitískum viðburðum eru dregnar upp frásagnir frá hversdagslífinu, list og menningu, verslun, framleiðslu, samgöngum, uppfinningum og ævisögum einstaklinga. Einnig er samhenginu við náttúruauðlindir og loftslag veitt athygli. Lögð er áhersla á tengsl mannkynssögu við aðrar námsgreinar eins og listir, handverk, tungumál og raungreinar. Í því samhengi er mikilvægt að fagkennarar setji sig inn í það þema og tímabil sem fjallað er um í hverjum bekk.

Sögunáminu er ætlað að skapa meðvitund um tímann og fela í sér æfinu í sögulegri hugsun og hugleiðingum. Hér kemur þekking, gagnrýni og túlkun á heimildum til sögunnar. Það er t.d. áhugavert að skoða frásagnir úr mannkynssögunni þar sem heimildir stangast á. Mikilvægur

aðferðafræðilegur þáttur sagnfræðinnar er kynntur með því að nemendur vinni með frumheimildir og/eða gögn eins og hluti, listaverk, kort og texta frá fyrri tímum.

Kennsla um fornöld og forsögulega tíma á miðstigi er gjarnan tengd við frásagnir kennarans og æfingar í listum og handverki, á meðan að til dæmis kennslan um frönsku byltinguna í 10. bekk gefur tilefni til að hugleiða um og ræða pólitík og jafnvel búa til veggspjald eða æfingar í stafrænum aktívisma. Þannig mætir námsgreinin meðvitundarþroska nemendanna með mótífum úr þróun sögunnar. Samsömun í gegnum frásagnir fyrstu skólaáranna er færð áfram í sagnfræðilegar greiningar og orsakatúlkningar á unglingsstigi.

Sögukennsla í Waldorfskólum er í megindráttum sett fram í tímaröð og hefur það að markmiði að birta fjölbreytt sjónarhorn frá goðsögnum fornalda og allt fram til 21. aldarinnar. Aðaláherslan fyrstu árin er lögð á munnlegar frásagnir og úrvinnslu á ævintýrum, goðsögnum, þjóðsögum og hetjusögum, innihald sem samsvarar elstu birtingamyndum menningar og sem tengjast hinum goðsagnakennda-trúarlega þætti menninganna. Við það að byrja langt aftur í sögunni og fjalla ítarlega um sérkenni hinna fornu menningarsamfélaga verður mögulegt að ná djúpstæðri samsömun við ólík menningarform og lífnaðarhætti. Í 5. bekk skapar norræn goðafræði grundvöll fyrir vinnu með menningarsöguleg viðfangsefni úr norrænni menningu víkingatímans og þar með landnámi Íslands. Saga Íslands fylgir annars tímaröð mannkynssögunnar fram að nútíma atburðum og aðstæðum á Íslandi.

Sögukennslan byrjar með mótíf sem mannlega séð eru þekktanleg og nálæg, eins og ævintýri og goðsagnir, en þessi viðfangsefni eiga uppruna sinn að rekja langt aftur í tímann og oft langt í burtu landfræðilega séð. Í 2.-3. bekk er tekin fyrir menningarsaga nærumhverfisins og henni fylgt eftir í 4. bekk með ítarlegri umfjöllun um hefðbundna grunnatvinnuvegi, framleiðslu og handverk á Íslandi. Landfræði og samfélagsfræði fylgja aftur á móti ákveðinni línu frá hinu nálæga og áþreifanlega að umfangsmeiri og smám saman hnattrænum sjónarmiðum.

Mannkynssagan sem fræðileg námsgrein byrjar í 6. bekk með umfjöllun um hin fornu menningarsamfélög og Grikklandi hinu forna. Næstu ár færast þemur áfram að Rómaveldi, sögu Kristinnar og Islam og fram að miðöldum. Í 8. bekk er landkönnun Evrópubúa gerð skil út frá sjónarmiðum bæði landkönnuða og frumbyggja.

Síðustu tvö ár grunnskólans er unnið með valin viðfangsefni úr sögu Íslands, Evrópu og heimsins fram að nútímanum. Í 9. bekk er lögð sérstök áhersla á breytt lífskjör sem afleiðing iðnvæðingar og tækniþróunar. Þemað í 10. bekk er pólitískar byltingar og hugmyndafræði.

Markmið sögukennslunnar má skoða í ljósi þess að kennslan á að vera áskorun og næring fyrir hugsun nemendanna, hæfni þeirra til innlifunar og framkvæmdavilja. Það er gert með því að:

- gefa nemendum innsýn í umfangsmikla almenna þekkingu á mikilvægum þáttum í sögunni sem vísa áfram til menningar okkar tíma.
- skapa tengingu við sögulega þróun, þjálfna hæfileikann til sjálfstæðrar hugsunar og færni til að ræða orsakasambönd í sögunni
- gefa nemendum upplifanir sem næra og styrkja almenna samkennd.
- virkja hæfileikann til innlifunar sem grundvöll skilnings og dómgreindar
- veita nemendum innblástur til að þroska með sér frumkvæði og löngun til að breyta faglegri

innsýn í samfélagslega hlutdeild.

Þannig getur sögukennslan skapað tengsl við fortíðina sem aftur geta vakið áhuga á lífinu og heiminum hér og nú. Slíkur áhugi er til þess fallinn að veita kraft og virkja frumkvæði til að taka þátt í því að skapa nýja framtíð.

## Hæfniviðmið í sögu

### 4. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- þekki hugtökin fortíð, nútíð og framtíð í gegnum frásagnir og vitneskju um það hvernig búseta og lífnaðarhættir hafa breyst í nærumhverfinu.
- hafi öðlast þekkingu á störfum og lífskjörum á tímum fyrir iðnvæðingu, sér í lagi í landbúnaði og sjávarútvegi.
- þekki ríkjandi handverksgreinar fyrir iðnvæðingu, sérstaklega textílvinnu, trésmíði, járnsmíði og húsasmíði.
- þekki til þátttöku alls heimilisfólks í atvinnu og fjölskyldulífi fyrri tíma.
- kynnist listsköpun og hlutum úr fortíðinni og geti miðlað sögulegu efni í gegnum listræna mótun texta, mynda og hluta.
- hlusti á, ræði um og taki þátt í endursögn og úrvinnslu á breiðu úrvali frásagna frá mismunandi löndum og tímum, þ.á.m. þekki til mikilvægra frásagna úr Gamla Testamentinu.

### 7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- þrói með sér sögulegan skilning á tímanum og geti notað hugtök eins og tímabil og tímalína.
- öðlist grundvallarþekkingu á hinum fornu menningarsamfélögum í Indlandi, Persíu, Mesópótamíu og Egyptalandi í gegnum frásagnir og með því að kynnast grunnheimildum bæði sögulegum og úr goðsögnum.
- geti sagt frá því hvernig landbúnaður, skrift og samfélög urðu til og þróuðust í þessum elstu menningarsamfélögum.
- þekki í grófum dráttum til hliðstæðra tímabila í Norður-Evrópu: steinöld, bronsöld, járnöld.
- þekki mikilvægustu frásagnir úr norrænni goðafræði og einkenni menningar víkingaaldarinnar.
- þekki til og geti rætt um goðafræði, mikilvægar persónur og viðburði frá Grikklandi hinu forna og Rómaveldi.
- þekki til lífshlaups Jesú, sögulegs samhengis og mikilvægra atburða frá fyrstu tímum kristindóms.
- geti þróað með sér og miðlað þekkingu á aðalatriðum evrópsku miðaldanna, frá falli Rómaveldis til Endurreisnarinnar

- þekki til og geti greint frá mikilvægum atburðum í arabískri menningu á miðöldum, lífi Múhammeðs og Islam sem trú og menningarberi í Mið-Austurlöndum, Norður-Afríku og Evrópu.
- þekki til og geti greint frá upphafi Íslandsbyggðar sem og mikilvægum atburðum og persónum á Þjóðveldisöld og miðöldum.
- þekki til stöðu og hlutverks minnihlutahópa sem og kvenna og barna í tengslum við helstu viðfangsefni sögukennslunnar.
- tekið þátt í samræðum um lífssýn fyrri tíma og sýn manna á eigin tilveru og samtíma á öðrum tímum og menningum en á Íslandi samtímans.
- geti kynnt stef úr sögunni í skapandi ferli svo sem myndrænt, sjónrænt og munnlega.
- geti rætt og formað texta út frá frumheimildum eins og textum, kortum, listaverkum eða hlutum og sett það í sögulegt samhengi.

## 10. bekkur

### Markmið kennslunnar er að nemendur

- haldi áfram að byggja upp þekkingargrunn fyrir sjálfstætt mat á félagslegum og pólitískum fyrirbærum.
- þekki til hins sögulega baktjalds valdra pólitískra viðburða líðandi stundar og geti gert grein fyrir mismunandi túlkun og álíkum sjónarmiðum á þessa viðburði.
- geti rætt um pólitíska hugmyndafræði og afstöðu, bæði út frá sögulegu sjónarhorni og sjónarhorni samtímans og þekki til dæma um hvernig mikilvægir sögulegir atburðir eru túlkaðir út frá ólíkum hugmyndafræðilegum sjónarmiðum.
- geti hugleitt sögulega atburði og það hvernig samfélagið gæti hafa orðið ef þessir atburðir hefðu þróast á annan veg.
- geti hugleitt á gagnrýnin máta notkun samtímans og fortíðar á sögulegum heimildum
- þekki til mikilvægustu evrópsku landkönnuða, ferða þeirra og þeirra samfélaga sem þeir mættu á ferðum sínum, sem og afleiðinga ferðanna fyrir alla sem áttu hlut að máli.
- geti nefnt dæmi um mikilvægar persónur innan lista, vísinda og stjórnmála á endurreisnartímum Evrópu
- þekki meginreglu heimsmyndar Kóperníkusar og mikilvægi hennar
- þekki til mikilvægustu tækniframfaranna, s.s. sjónaukans og prenttækninnar, siglingatækja og skipabygginga og rætt merkingu þeirra
- geti skilgreint hugmyndir og atburði sem tengjast Endurreisninni í Evrópu
- geti lýst í meginráttum þróuninni frá tímum fyrir iðnvæðingu til hinnar vélvæddu fjöldaframleiðslu.

- geti gert grein fyrir því hvernig nokkrar mikilvægar tækniupppfinningar virka og hvaða samfélagslegu áhrif það hefur haft að taka þær í notkun, frá gufuvélum til stafrænnar tækni, og kynnt tæknilega nýsköpun í gegnum texta og myndir
- þekki aðaldrætti í þróun heimsvaldastefnu og þrælasölu og geti gert grein fyrir afleiðingunum fyrir frumbyggja Ameríku sem og fyrir fólk og samfélög í Afríku.
- þekki til þróunar alþjóðaviðskipta og afleiðinga þeirra út frá hnattrænu sjónarmiði.
- geti lýst stöðu Íslands á síðmiðöldum, einokunarverslun og sjálfstæðisbaráttu.
- þekki í megindráttum sögu norrænna frumbyggja, Inuita og Sama.
- geti lýst og rætt um stefnur í stjórnmálalegri heimsmynd frá byrjun sextándu aldar að lýðræðisbyltingum tuttugustu aldar.
- geti skilgreint og kynnt í texta og myndum bakgrunn, framvindu og þær afleiðingar sem fylgdu, fyrir samtíma og eftirkomandi tíma, byltingum og/eða sjálfstæðisbaráttu, t.d. í Ameríku, Frakklandi, Rússlandi og Indlandi.
- þekki til ólíkra áhrifaþátta við myndun evrópsku þjóðanna, m.a. sjálfstæði Íslands 1918 og 1944.
- geti rætt bakgrunn kynþátta og þjóðernisátaka og dregið þræði að spurningum um þessi mál í samtímanum.
- geti rætt um og kynnt sögulegan atburð út frá ólíkum tæknilegum eða menningarlegum áhrifum eða lagt er mat á merkingu atburðarins fyrir eftirkomandi kynslóðir.
- leitað að og valið heimildir, metið heimildir á gagnrýninn hátt og notað þær til framsetningar á sögulegum heimildum í texta og myndum.

## 2. SAMFÉLAGSFRÆÐI

### Tilgangur og sjónarmið

Waldorfskólarnir byggja sögulega á félagslega miðuðum hvata, sem gengur eins og rauður þráður í gegnum alla skólustarfsemina. Félagsleg áform Waldorffuppeldisfræðinnar birtast á margvíslegan hátt í skólum út um allan heim. Waldorfskólunum var ætlað að vera vettvangur þar sem sambandið á milli nemenda, foreldra og kennara fengi að þróast í nánu og gefandi samneyti.

Skólinn á að vera staður þar sem nemendur fá að; taka þátt í verkefnum, prófa sig áfram og vera virkir, í umhverfi sem veitir þekkingu, upplifanir og reynslu sem þau búa að sem fullorðnir einstaklingar.

Við viljum að þessi hvati sé greinilegur fyrir nemendur, foreldri og kennara í þeim samskiptum sem þau eiga í skólanum. Að skapa vettvang þar sem félagslegur lærdómur er samofinn öllu starfi skólans, hefur verið og er mikilvægur grunnþáttur. Bara það að taka þátt í vel starfandi skólasamfélagi, sem nemandi, forráðamaður eða kennari, er styrkjandi reynsla þar sem gefur mikilvægra félagslega færni.

Markmið skólans er að undirbúa nemendur fyrir það að lifa og verka sem frjálsir og ábyrgðarfullir einstaklingar með framtíðarsýn og ferskar hugmyndir. Bakgrunnurinn er lýðræðislegar hugsjónir

okkar, innan ramma sífellt skýrari mannréttinda. Hið fjölmenningarlega samfélag setur kröfur á einstaklinginn með tilliti til sjálfsskoðunar og þekkingar á samfélaginu í kring. Þetta fjallar um að geta sett sig inn í félagslegt samhengi þar sem skólinn miðlar á skýrna hátt umburðarlyndi gagnvart trúarbrögðum, líffsýn, sögu, listum, menningu, háttum og venjum.

Skólinn á að miðla og æfa þetta, því það myndar mikilvæga undirstöðu félagslegrar færni. Waldorfskólinn leggur áherslu á raunverulega samfélagslega ábyrgð á öllum sviðum. Þetta á við um góða félagslega hætti, þátttöku í verkefnum skólans á öllum skólastigum og miðlun á samfélagsfræði sem námsefni. Á unglingsstigi er sérstaklega mikilvægt að tengja námsefnið við atburði líðandi stundar.

Námsefnið ætti að nálgast á þann hátt að nemendur séu vaktir til umhugsunar og fái tækifæri þroska með sér dómgreind í takt við vöxt þeirra og þroska. Markmiðið er alltaf að stuðla að getu nemenda til þátttöku í samfélagi framtíðarinnar út frá fjölbreyttri reynslu, með trú á eigin getu og ágæti og með tilfinningu fyrir hlutverki og getu annarra. Með öðrum orðum; að nemendur þjálfu persónulega innsýn í og getu til samvinnu milli einstaklinga.

Hæfniviðmið í samfélagsfræði

#### 4. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- verki sem hluti af hóp og taki ábyrgð gagnvart þeim skyldum sem það hefur í för með sér
- læri að virða og hlusta á skoðanir samnemenda
- þekki mikilvægar venjur og reglur sem gilda í hversagsleikanum og merkingu reglna sem stjórna samskiptum á milli fólks
- geti rætt um afleiðingar brota á slíkum reglum
- geti rætt um ólík fjölskyldumynstur í eigin menningu og þeim sem eru eftst á baugi í nærumhverfinu eða sem koma við sögu í kennslunni
- geti rætt um mismunandi hliðar kynjahlutverka í eigin aldurshópi eftir því sem við á
- geti rætt um peningnotkun út frá raunverulegum dæmum sem koma við sögu í bekknum
- geti sagt frá búsetu fólks og mikilvægustu staðarnöfnum í nærumhverfinu
- læri merkingu sérstakra örnefna og uppruna eða sögunnar á bak við þau
- þekki til mikilvægustu samkomuhúsa í sínu nærumhverfi, s.s. íþróttahús, félagsheimili, kirkjur, sem og helstu stofnana eða þjónustu.
- þekki leiðir og samgöngur í grófum dráttum í sínu nærumhverfi og leiðina milli heimilis og skóla.
- þekkt mikilvægustu umferðarreglurnar sem við eiga fyrir þennan aldurshóp

## 7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- geti aflað sér vitneskju, á eigin spítur, um málefni sem er ofarlega á baugi og geti sagt frá eða skrifað um það
- geti rætt um og skilið mismunandi áhrif auglýsinga á neyslu
- þekki reglur um persónuvernd og netsiði í netheimum.
- viti hvernig reglur og venjur verða til í skólasamfélaginu og á öðrum stöðum innan síns reynsluheims
- geti rætt um ólíkar hliðar á hugtökunum réttlæti og umburðarlyndi
- þekki til grundvallaratriða lýðræðislegra vinnubragða og ákvarðana
- geti rætt um kynjahlutverk fyrr og nú út frá viðeigandi dæmum
- hafi skilning á því af hverju fólk leitar í og skapar samfélög og hafi einhverja grunnþekkingu á ólíkum gerðum samfélaga, hér á meðal okkar eigin lýðræði
- þekki til sögu Inuita, Sama og nokkurra innflytjendahópa
- hafi grundvallarvitneskju um kynhneigðir og kynvitund
- hafi grundvallarþekkingu á skaðsemi áfengis, tóbaks og vímuefna

## 10. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- viti hvað félagsfræðileg rannsókn er út frá eigin reynslu með þesskonar verkefni í skólanum
- geti gert grein fyrir samfélagsmálum líðandi stundar, skilið á milli skoðana og staðreynda, fært rök fyrir málefni og rætt spurningar
- geti tileinkað sér þekkingu og færni í því að stjórna fundi, setja upp dagskrá, skrifa fundargerð og stjórna umræðu
- geti rætt spurningar um notkun og misnotkun vímuefna og sett slíkar spurningar inn í sögulegt og menningarlegt samhengi
- geti rætt um ólíkar kynhneigðir og kynvitund í tengslum við ást, sambönd og fjölskyldulíf
- þekki grunndrætti sögu jafnréttisbaráttunnar síðustu 100 árin og séu meðvituð um staðalímyndir feðraveldisins
- geti rætt um borgaraleg réttindi og skyldur út frá almennum dæmum svo sem varðandi skólaskyldu, neytendalöggjöf o.þ.h.
- geti sagt frá deilumáli í samfélaginu og rætt ólíka möguleika á lausn
- geti rætt um stjórnarform lýðræðis, gert grein fyrir stjórn málaflokkum og megininnihaldi hugtaksins um dreifingu valds

- viti út á hvað ríkisfjárlög ganga og hverjir eru helstu tekju og útgjaladaliðir ríkissjóðs
- þekki grundvallaratriðviti íslenska hagkerfisins og tengsl þess við hagkerfi heimsins
- þekki rökin fyrir því að við borgum skatt
- geti gert grein fyrir opinberum stofnunum á Íslandi og geti borið þær saman við stofnanir nokkurra annarra landa
- geti rætt samhengið á milli löggjafar og glæpa
- þekki grundvallarskipulag íslenska réttarkerfisins og þekki a.m.k. eitt dæmi um málaferli í dómsmáli
- kannist við helstu alþjóðasamtökin sem Ísland á hlutdeild að
- þekki til íslensku stjórnarskrárinnar og umræðunnar um þau atriði stjórnarskrárinnar sem eru helst í deiglu
- þekki grundvallar mannréttindi, uppruna þeirra og gildi þess að þau séu virt
- þekki til minnihlutahópa í samfélagi samtímans og viti eitthvað um kjör þeirra
- þekki til hugtaksins um „fjórða ríkisvaldið“, aðferða og hlutverks fjölmiðla, og hafi æft sig í heimildarýni

### 3. LISTASAGA

#### Tilgangur og sjónarmið

Listasaga felur í sér sögulega lýsingu á þróun myndlistar – málverksins, höggmyndarinnar og byggingarlistarinnar. Það sem er einstakt við Waldorfskólann er að þessi fagsvið eru ekki bara meðhöndluð sem söguleg–aðferðarfræðileg viðfangsefni, heldur eru þau líka tekin inn sem æfingar og hagnýt verkefni í gegnum allt skólaferlið. Það á fyrst og fremst við málun, teikningu og mótun en reynsla af arkitektúr afmarkast við ákveðin tímabil og verkefni. Þegar nemendur á unglingsstigi mæta sögulegum og fræðilegum þætti listasögunnar munu þeir því búa yfir ríku efni úr eigin reynslubanka sem nýtist til greiningar á hinum mismunandi tímabilum og til að finna samhengi á milli byggingarlistar- og myndlistarstíls ákveðins tímabils og þeirra hugmynda og viðhorfa sem einkenna tímabilið.

Greining á stílbrögðum mismunandi tímabila og ólíkra listamanna, innlifun í tilgang listaverksins og meðvitund um áhrif þess skapar grundvöll fyrir það að lifa sig inn í, þekkja aftur og ákvarða stílbrigði og tímabil. Það felur líka í sér æfingu í að horfa, þjálfun í að veita hlutum athygli og kröfu um óhlutbundna lýsingu áður er dómur er felldur.

Allt veitir þetta innsýn í mikilvægar hliðar á fjölmenningu samfélagsins og er samtímis samræðugrundvöllur fyrir aðra þætti sögunnar. Fjölbreytni í listinni má sjá sem túlkun á ólíkri sýn á heiminn og lífið. Söguleg sjónarmið sem birtast í stíl geta verið lykillin að skilningi á þróun meðvitundarþroska manneskjunnar.

Það er á samsvarandi hátt farið í grunninn á öðrum listgreinum en sjónlist síðustu ár grunnskólans. Í íslensku og annarri tungumálakennslu er unnið í grófum dráttum með sögu og sérkenni ljóðlistar og sviðslistar og í tengslum við tónlistakennslu er komið inn á tónlistasögu.



## Aðalatriði

- Söguleg vitneskja: Innsýn í mikilvæga þætti menningarlegs bakgrunns okkar, viðbót við aðra þætti mannkynssögunnar.
- Athugum: Æfing í að sjá, athygli á hlutum, áskorun í að nafngreina hið skoðaða, krafa um að lýsa áður en að mögulegum dómi kemur.
- Stílvitund: Innlifun í ólíka eiginlega sem þjálfun í sveigjanleika. Þjálfun í að þekkja aftur og ákvarða hvenær og hvar verk var skapað.
- Stílbrögð: Greining á sérstökum stílbrögðum ólíkra tímabila og listamanna, innlifun í tilgang listaverksins, meðvitund um áhrif þess.
- Þróun: Tilbrigði í listinni sem tjá mismunandi lífsskoðun og heimsmynd, stílsöguleg sjónarmið sem lykill að skilningi á þróun meðvitundarþroska manneskjunnar.

## Hæfniviðmið í listasögu

### 10. bekkur

#### Markmið kennslunnar er að nemendur

- geti myndað sér yfirsýn yfir og samhengi í listasöguna
- þekki úrval mikilvægra listamanna, verk þeirra og æviágrip
- þekki til mikilvægustu hugtaka og fagorða greinarinnar
- tileinki sér grundvallargetu til að ákvarða stíl og geti sett nafn og tíma á mikilvægustu tímabilin
- geti tekið þátt í faglegum samræðum og gert grein fyrir hugmyndum sínum

## 4. TRÚARBRÖGÐ OG LÍFSSÝN

### Tilgangur og sjónarhorn

#### Trúarbrögð sem menningarþáttur (kulturfaktor) og sem námsgrein

Trúarbrögð eru mikilvægur hluti af menningu og getur talist lífssvæði á borð við list og vísindi. Trúarbrögðum má svo lýsa í fjórum meginþáttum: Fyrsti þáttur er sameiningarhvatinn. Annar þáttur er einstaklingsbundna hliðin sem spannar frá litlum hversdagslegum upplifunum til djúprar reynslu af hinu heilaga. Þriðji er það sem nær yfir goðafræði, trú, boðskap og heimspeki og fjórði þáttur er útfærsla trúarlegra athafna í daglega lífinu eða í helgisiðum og skipulagi sértrúarsafnaða.

Í dag er það ekki sjálfsagður hlutur hvaða rými trúarbrögð eigi að hafa í skólanum. Sérhver ákvörðun á þessu sviði er tengd gildismati, eigin og annarra. Í lýðræðissamfélagi geta allflestir verið sammála um það að hver og einn má finna sína leið og taka eigin ákvarðanir varðandi lífsspursmálin, á sama tíma og maður er skuldbundinn til þess að þekkja og virða afstöður annarra. Þetta þarfnast undirstöðu af þekkingu, upplifunum og reynslu sem einnig nær til heimspeki, siðfræði og lífssýnar.

#### Trúarbragðarkennslan í Waldorfskólanum

Í Waldorfskólunum er litið á það sem mikilvægt að koma til móts við trúarlegar þarfir barna, hér skilið sem þörfin á að vera mætt með opnum svörum á hinum stóru spurningun, svör sem eru orðuð á uppeldisfræðilegan hátt án aðgreiningar. Í siðferðilegu uppeldi barns skipa hið trúarlega og

hið heimspekilega stóran sess, en samtímis á enginn að upplifa það að friðhelgi þeirra sé ógnað.

Trúarbragðakennslan í Waldorfskólanum er skipulögð í stundarskrá á þennan hátt:

- Öll 13 árin er miðlað alhliða námsefni af almennri upplýsandi gerð, að hluta til samþætt í námsgreinum, svo sem íslensku og sögu, og að hluta til í sérstökum námslotum. Til hins almenna má einnig telja það að halda saman upp á hátíðir og merkidaga.
- Auk þess eru vikulegir fag tímar þar sem unnið er með faglega sérhæfingu.

Stutt samantekt á tilgangi kennsluáætlunar getur litið svona út:

2.–4. bekkur: Siðvit barnsins er nært fyrstu árin í gegnum ævintýri, dæmisögur og goðsagnir. Í fjórða bekk eru frásagnir frá gyðingdómnum í forgrunni með lýsingar á manneskjunni í tengslum við hið jarðneska og guð Gamla testamentisins.

5.–7. bekkur: Nemendur eru tilbúnir að mæta stærri heimi og því spannar sögukennslan frá gamalli norrænni goðafræði og menningu til fornaldarmenningar. Annað námsefni er um líf og kenningar Buddha, Jesú og Múhameðs með tilheyrandi trúarbragðasögu fram til miðalda.

8.–10. bekkur: Fagið reynir að mæta vaknandi getu nemenda til óhlutbundinnar hugsunar, siðferðilegrar meðvitundar og möguleika á að varpa ljósi á spurningar frá mörgum hliðum. Í tengslum við endurreisnina er unnið með ævisögur fólks sem hafði stór áhrif á framvindu nútímans og það er unnið með siðferðilegar spurningar. Unnið er með grundvöll kristinnar og það er byrjað að fara í gegnum núverandi trúarbrögð og lífssýnir.

### **Aðferðafræðileg sjónarmið**

Markmiðið er að leiða nemendurna frá beinni þáttöku og upplifun af hinum trúarlegu hliðum í sjálfum sér og í heiminum, í gegnum þekkingu og innsýn til skilnings og þekkingar. Þetta ferli er á kerfisbundinn hátt tengt þroskastigunum í þróun barna og ungs fólks í gegnum skólagönguna. Þetta felur í sér að ólíkum þáttum af hinu faglega innihaldi er miðlað til nemenda í þjöppuðum kennslulotum sem einkennast af því að hægt er að sökkva sér í efnið og eru þær kenndar á ákjósanlegum tíma á skólagöngunni.

Aðalmarkmið kennslu er að vekja lotningu fyrir náttúrunni, manneskjunni og fyrir því sem gæti fyrirfundist af æðri vídd. Það er í allri kennslu og uppeldi leitast við þessu viðhorfi á sama tíma og sérstök áhersla er lögð á það í trúfræðitímum.

Það sem maður getur tæpt á að séu helgisiðaðþættir tilheyrir líka í þessu samhengi. Það getur falið í sér allt frá hinu daglega handabandi nemenda og kennara við upphaf kennslunnar til þess að halda upp á árlegar hátíðir.

Skólinn annast kennslu sína í trúarbragðafræði, siðfræði og lífssýn á þann hátt sem gerir engar aðgreiningar, án skriftarsíða eða predikana, þannig að allir geti tekið þátt. Skólinn lítur á það sem hlutverk sitt að að miðla sammannlegum upplifunum af trúarlegum toga, veita þekkingu á, og skapa innsýn í, þau trúarbrögð og lífssýnir sem til eru og stuðla að þróun virðingar, skilnings og hnattræns friðarskapandi viðhorfs.

Hæfniviðmið í trúarbragðarfræði og lífssýn

#### 4. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur geti

- þekkt til og rætt um ævintýri, sögur og goðsögur frá ólíkum menningarheimum og trúarbrögðum, m.a. frá hindúískri, búddískri og íslamskri hefð
- hlustað á, endursagt og rætt um útvaldar sögur úr kristinni hefð: goðsögur og helgisagnir
- þekkt til mikilvægra frásagna úr Gamla testamentinu og hefða gyðingdómsins, í gegnum frásagnir, samræður og gerð texta– og myndaverkefna
- hlustað á og rætt um fagurfræðilega texta, farið með ljóð og lært lög tengd jólunum og öðrum hátíðum
- hlustað á og rætt um frásagnir um líf manna á jörðinni, frá ólíkum tímum og ólíkum stöðum í heiminum
- tjáð undrun, spurningar og hugsanir um lífið, missi og sorg, gott og slæmt, von og drauma og gefið viðbrögð við hugsunum annarra
- rætt um lífsreglur og fjölskyldusiði í hversdagsleikanum og á hátíðum þvert á trúarbrögð og lífssýn
- rætt um samvisku, siðfræðilegar lífsreglur og gildi
- rætt um virðingu, umburðarlyndi og fyrirgefningu og unnið gegn einelti í reynd
- hlustað á og rætt um frásagnir sem fjalla um virðingu fyrir náttúrunni og öllu lifandi

#### 7. bekkur

Markmið kennslunnar er að nemendur

- hafi þekkingu á og geti rætt um mikilvægar frásagnir úr Nýja testamentinu
- hafi þekkingu á og geti rætt um mikilvægar lífsreglur, hátíðir og gildi tengd kristindóminum
- þekki til og geti beitt fyrir sig fagurfræðilegri tjáningu tengda kristindóminum
- hafi þekkingu á og geti sagt frá mikilvægum norrænum goðsögnum og um það þegar norræn goðadýrkun og kristin trú og menning mættust, í gegnum frásagnir og sköpun á texta– og myndverkum
- þekki til og geti sagt frá lífi og starfi Siddharta Gautamas og mikilvægar frásagnir, lífsreglur, hátíðir og gildi í búddatrú.
- þekki til og geti fjallað um mikilvæga guði og gyðjur í hindúisma og þekki til mikilvægra goðsagna, lífsreglna, hátíða og gilda í hindúatrú
- þekki til og geti fjallað um líf og störf spámansins Múhameðs
- þekki til og geti fjallað um innihald útvalinna hluta Kóranins og megin lífsreglna, hátíða og gilda í islam

- þekki til og geti nýtt sér fagurfræðilega tjáningu tengda búddisma, hindúisma og islam
- geti sagt frá lífi, starfi og kenningum Jesú í sögulegu samhengi
- geti sagt frá lærisveinunum, frumsöfnuði kristinnar og mikilvægum dráttum í kristinni sögu fram til siðaskipta
- geti þekkt til og fjallað um líf og kenningar Sókratesar

## 10. bekkur

### *Markmið kennslunnar er að nemendur geti*

- þekkt til uppbyggingar Biblíunnar, útskýrt samhengi á milli Gamla og Nýja testamentisins og rætt ólíka sýn á Biblíuna
- þekkt eitt hinna fjögurra fagnaðarierinda og skilið stöðu þess í tengslum við hin
- rætt um útvalda texta úr Nýja testamentinu og þekkt líf og kenningar Páls postula
- farið með kynningu á sérkennum listar og byggingarlistar tengdri kristindóminum
- lýst stöðu kristindómsins í Evrópu, annars vegar á miðöldum og hins vegar á endurreisnartímanum, og gefið skil á mikilvægum atburðum í sögu kristindóms frá endurreisn til vorra daga, innlendum og alþjóðlegum
- skýrt aðaldrætti í hefðum rómversk-kapólskrar-, rétttrúnaðar- og mótmælendatrúar og þekkt til mikilvægra drátta í ólíkum sértrúarsöfnuðum og nýaldarhreyfingum sem eðlilegt þykir að draga inn í umræðuna
- þekkt til og rætt um aðaldrætti í samískri for-kristinni trú og umskiptin til kristindóms
- þekkt til og rætt um afrísk trúarbrögð og trúarbrögð frumbyggja Ameríku og Eyjaálfu
- þekkt til og rætt um sérkenni og fjölbreytileika í gyðingdómi, islam, hindúisma og búddisma á grundvelli höfuðatriða í skrifum, helgisiðum og hefðum
- í gegnum umhugsun og einbeitingu skilið ofangreind trúarbrögð sem lífstúlkun út frá þeirra eigin forsendum
- kannast við þá listrænu, menningarlegu og félagslegu hvata sem eru einkennandi fyrir þessi trúarbrögð, bæði sögulega og í samfélagi samtímans
- lýst sérkennum siðræns húmanisma sem lífstúlkun út frá textum, helgisiðum og hefðum.
- gefið yfirlit yfir fjölbreytnina í siðrænum húmanisma, mikilvæga sögulega atburði og stöðu siðræns húmanisma í Noregi og í heiminum í dag.
- rætt um og sýnt skilning á því hvað trúarbrögð og lífsviðhorf eru, hvernig trúarbrögð og lífsviðhorf birtast á ólíkan máta, og rætt ólíkar hliðar á trúarbragða- og lífsviðhorfsgagnrýni
- þekkt til meginhugmynda úr fornaldarheimspeki, sér í lagi Plató og Aristóteles

- rætt mikilvægar siðfræðilegar spurningar út frá einkennandi hugmyndum hjá úrvali hugsuða og menningarfrömuða með áherslu á ævisögulegt og fagurfræðilegt viðfangsefni
- rætt tilvistarleg, sammannleg lífsspursmál
- tekið þátt í umræðum um spurningar tengdar trúarbrögðum- og lífsskoðun og sýnt virðingu fyrir trúarskoðun manna og lífsviðhorfum.
- rætt siðfræðilegar spurningar og gildisval í tengslum við þau þemu sem eru eftst á baugi í nærsamfélagi og á alþjóðavísu: samfélagsleg og vistfræðileg ábyrgð, tæknilegar áskoranir, lífsiðfræðilegar spurningar, friðarstarf og lýðræði, mannleg tengsl eins og sambúðarhætti og val á menningarlegu sjónarmiði
- þekkt grunndrætti í skoðanaskiptum um uppruna mannréttinda í trúarbrögðum og heimspeki

Heimildir:

Steinerskolens læreplan grunnskolen (2020). Sótt af [https://www.steinerskole.no/wp-content/uploads/2020/11/Steinerskolens-laereplan\\_grunnskolen\\_web.pdf](https://www.steinerskole.no/wp-content/uploads/2020/11/Steinerskolens-laereplan_grunnskolen_web.pdf)